

## *Nútímans konur*

Erla Hulda Halldórsdóttir. (2011). *Nútímans konur: Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850–1903*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun og Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum. 388 bls.

Fyrir rúmum tuttugu árum var undirrituð ungur sagnfræðinemi við Háskóla Íslands og komst þar í kynni við kvennasögu hjá Sigríði Th. Erlendsdóttur sem kveikti áhuga margra, ekki síst ungra kvenna, á sögu formæðranna. Síðan þá hefur kvennasagan átt stað í hjarta mínu og því gladdist ég mjög þegar Erla Hulda Halldórsdóttir, ein af lærimeyjum Sigríðar, varði doktorsritgerð sína við sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands. Ritgerðin ber heitið *Nútímans konur: Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850–1903*.

Útgáfa doktorsritgerðarinnar vakti strax verðskuldaða athygli enda því miður ekki mjög algengt að út komi sagnfræðirit tileinkuð íslenski kvennasögu. Þótt sagnfræðingar og aðrir fræðimenn hafi beint rannsóknum sínum að þróun kvenfrelsisbaráttu, kvenfélögum og góðgerðarfélögum kvenna hefur farið minna fyrir rannsóknum á mótun kyngervis og samfélagslegu hlutverki kvenna. Menntunarsaga kvenna hefur ekki heldur verið rituð en kvennaskólarnir gegndu stóru samfélagslegu hlutverki.

Rannsóknarefni Erlu Huldu er mótun kyngervis á Íslandi á síðari hluta 19. aldar. Tímaramma rannsóknarinnar skýrir hún á þann hátt að fyrri ártalinu, 1850, sé ætlað að tákna miðja 19. öldina þegar ýmsar breytingar voru um það bil að eiga sér stað hérlandis. Síðara ártalið, 1903, valdi hún hins vegar þar sem það er síðasta árið sem aðgangur stúlkna að Lærða skólanum var takmörkunum háður.

Erla Hulda skoðar hugmyndir um samfélagslegt hlutverk kvenna og hvernig þær breyttust og mótuðust í umræðu og átökum hugmyndafræði og veruleika. Í kjölfar hugmyndafræði um stofnun kvennaskóla árið 1870 hófst lífleg umræða í landsmála-blöðum um hvers konar menntun hæfði konum og því sem kallað var kvenlegt eðli. Töldu margir rétt að einskorða menntun kvenna við það sem hæfði hlutverki móður og húsmóður. Erla Hulda fjallar um kvennaskólana en þó sérstaklega Kvennaskólann í Reykjavík og Kvennaskólann á Laugalandi í Eyjafirði. Hún beinir sjónum einkum að því hvaða áhrif menntun kvenna og ekki síst umræðan um hana hafði á mótun

kyngervis. Í rannsókn sinni gengur hún út frá því að konur hafi verið gerendur og horfir einkum til andófs þeirra gegn ríkjandi hugmyndum um hlutverk og eðli kvenna ásamt því að skoða hvernig konur samsömuðu sig heimilishugmyndafræðinni sem fært gat þeim völd og áhrif á ákveðnum sviðum.

Meginspurningar rannsóknarinnar eru tvær: 1) Hvaða áhrif hafði umræða um menntun kvenna og kvennaskólarnir sjálfir á hugmyndir um kyngervi? Og reyndar einnig öfugt: Hvaða áhrif höfðu breyttar hugmyndir um kyngervi á stofnun og skipulag kvennaskólanna? 2) Hvernig brugðust konur sjálfar við þessari umræðu og hvaða áhrif höfðu þær á hana?

Erla Hulda skilgreinir verk sitt sem femíníska sagnfræði og leggur til grundvallar kenningar á sviði kvenna- og kynjasögu en þar fléttast saman femínísk saga, kvenna-saga og kynjasaga.

Meginhugtakið í umfjöllun Erlu Huldu um menntun og samfélagslegt hlutverk kvenna er kvenleiki eða andstæða þess, ókvenlegt. Hún leggur áherslu á að skoða það og greina hvernig hugtakinu er beitt í umræðunni og hvaða áhrif það hafði á konur. Grundvallarhugtak í rannsókninni er kyngervi. Hún lítur á það sem félagslega og menningarlega mótaðar hugmyndir um kyn, karlmennsku og kvenleika og tengslin þar á milli. Kyngervi skoðar hún sem orðræðu.

Rannsóknin er að stóru leyti byggð á sendibréfum, ekki síst kvenna, og þeirri upplifun sem í þeim birtist. Einnig er byggt á hinni opinberu umræðu sem finna má í landsmálablöðum. Sendibréfin sem Erla Hulda notaði mest í verkinu mynda bréfasafn þriggja kynslóða kvenna innan sömu fjölskyldunnar. Úr bréfunum les hún hvernig konurnar upplifðu samfélagið sem þær bjuggu í og hvernig þær brugðust við hugmyndum um mismunandi réttindi og eðli kynjanna. Notkun sendibréfanna gæðir rannsókn Erlu Huldu lífi og nálægð og beinar tilvitnanir í þau krydda textann á skemmtilegan hátt. Lesandinn fær að kynnast „söguhetjunum“ og fær þar með skemmtilegt og persónulegt sjónarhorn á stöðu og hugmyndir kvenna á þeim tíma sem rannsóknin nær yfir.

Bókin skiptist í fimm kafla og við upphaf hvers kafla er ljósmynd af konum sem koma við sögu. Í inngangi er að finna kynningu á rannsókninni og þeim þekkingarfræðilega grunni sem hún byggist á. Rætt er um aðferðir og kenningar og verkið sett í samhengi við femíníska sagnaritun og umræður á sviði kvenna- og kynjasögurannsóknna. Einnig er rætt um túlkun heimilda og framsetningu, einkum hvernig unnið er með sendibréf í sagnfræðirannsóknunum, enda er rannsóknin að verulegu leyti byggð á sendibréfum kvenna eins og áður var nefnt.

Annar kafli ber heitið Arfleifð upplýsingar. Sá kafli fjallar um hugmyndir um kvenleika á 19. öld, úr hvaða jarðvegi þær spruttu og hvaða áhrif þær höfðu á hugmyndir um menntun, hlutverk og eðli kvenna þegar kom fram á síðari hluta aldarinnar.

Þekking er vald: Kvennaskólar, menntun, hugmyndafræði er heiti þriðja kafla. Ég verð að viðurkenna að þetta er sá kafli sem höfðaði mest til mín sem áhugakonu um menntun kvenna. Í kaflanum skoðar Erla Hulda kvennaskólana sem stofnaðir voru á áttunda áratug 19. aldar og gerir grein fyrir hugmyndafræðinni sem þeir voru byggðir á og hvernig hugmyndir um hefðbundið samfélagslegt hlutverk kvenna og auknar

kröfur um réttindi þeirra fléttuðust saman. Hún varpar fram þeirri tilgátu að kvenna-skólarnir hafi í senn verið staður vitundarvakningar og andófs, krossgötur þar sem gamlar og nýjar hugmyndir mættust. Þannig hafi skólarnir annars vegar viðhaldið ríkjandi hugmyndum um hlutverk og eðli kvenna, um köllun þeirra sem mæður og húsmæður, og ýtt undir nýjar hugmyndir og andóf. Þá setur hún í kaflanum fram tilgátu um andstæðar myndir kvenleika sem hún kallar annars vegar styðjandi kvenleika og hins vegar úrhraks-kvenleika. Þessir mismunandi kvenleikar voru afsprengi ólíkra hugmyndaheima og orðræðu en höfðu mikil áhrif á konur og sjálfsverund þeirra.

Fjórði kafli heitir Endurskilgreining á hlutverki kvenna 1850–1903. Erla Hulda leitast þar við að svara því hvað falist hafi í endurskilgreiningu á samfélagslegu hlutverki kvenna og hvernig hún hafi haldist í hendur við nútímavæðingu samfélagsins. Einnig er velt upp þeirri spurningu hvaða þátt menntun og kvennaskólar hafi átt í sköpun nútímakonunnar.

Í fimmta og síðasta kaflanum dregur Erla Hulda saman niðurstöður rannsóknar sinnar. Þar kemur m.a. fram að þær miklu umræður sem urðu um menntun kvenna og kvennaskóla hafi haft mikil áhrif á hugmyndir um kyngervi þar sem þær gáfu tilefni til endurskoðunar á hlutverki kvenna. Kvennaskólarnir hafi í senn ýtt undir ríkjandi hugmyndafræði um eðli og hlutverk kvenna, svokallaðan styðjandi kvenleika, og andófshugmyndir, ókvenlega hegðun og viðhorf.

Ólíkt Erlu Huldu hef ég ekki fylgst vandlega með fræðilegri umræðu um sögu kvenna og er því að nokkru leyti eins og leikmaður en ekki sagnfræðingur. Þetta kom þó ekki að sök við lestur bókarinnar þar sem *Nútímans konur* er vel skrifuð bók og afar læsileg fyrir leika sem lærða. Nálgun Erlu Huldu er mjög persónuleg og hún felur sig ekki í textanum eins og fræðimenn gera svo gjarna. Þetta er skemmtileg nýbreytni sem gerir það að verkum að lesendur fá að kynnast því betur en ella hvernig hún nálgast heimildir sínar og kemst að niðurstöðu.

Áhugafólk um sögu íslenskra kvenna og mótun kyngervis ætti ekki að láta bókina framhjá sér fara. Efni hennar á ekki síður erindi til kennara og annarra þeirra sem sinna menntun drengja og stúlkna nútímans. Bókin geymir fróðlegar upplýsingar, ekki síst um sögu kvennaskólanna og menntunar kvenna. Hún er því mikilvægt innlegg í íslenska kvennasögu og sögu menntunar. Í bókinni *Nútímans konur* hlýtur að vera saman komið ítarlegasta yfirlit um menntun íslenskra kvenna og mótun kyngervis sem hingað til hefur verið gefið út.

## UM HÖFUNDINN

*Katrín Björg Ríkarðsdóttir* (katrinbr@simnet.is) starfar sem framkvæmdastjóri samfélags- og mannréttindadeildar Akureyrarbæjar. Hún er með BA-próf í sagnfræði frá Háskóla Íslands og M.Ed.-próf í menntunarfræði með áherslu á kynjajafnrétti frá Háskólanum á Akureyri. Rannsóknir hennar hafa snúist um kvennasögu og kynjaskiptingu í námi og störfum.